BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 149
komudagur 25 / 11 1996

Reykjavík, 22. nóvember 1996
SÞ/hó

Vísað er til bréfs formanns umhverfisnefndar Alþingis dags. 29. október sl. þar sem leitað er umsagnar um þingsályktunartillögu um varðveislu ósnortinna víðerna.

Bændasamtök Íslands taka undir nauðsyn þess að móta stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins en benda á, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, að nefnd um svæðaskipulag miðhálendisins er þegar að störfum á vegum umhverfisráðherra og reiknað er með að hún skili niðurstöðum á næstu vikum.

Ljóst þykir að hlutverk starfshóps skv. tillögunni hlýtur að skarast við starf nefndarinnar og því eðlilegt að bíða álits hennar, áður en ný vinna er sett af stað. Ennfremur þykir eðlilegt, ef starfshópur verður skipaður, að í honum sitji fulltrúi landbúnaðarráðherra, en hann fer m.a. með framkvæmd laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. sem snertir umrætt málefni.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson
framkvæmdastjóri

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni, Pósthólf 7080
127 Reykjavík, ÍSLAND
Sími: 563 0300 Fax: 562 8290/562 3058

The Farmers Association of Iceland
Bændahöllin, P.O. Box 7080
IS-127 Reykjavík, ICELAND
Phone: +354-563 0300 Fax: +354-562 8290/562 3058